

## Erindisbréf fyrir bæjarráð sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

1. gr.

### Markmið

Stjórnskipulag sveitarfélagsins byggir á skilvirkri stjórnslu, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og viðauka I um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnslu sveitarfélagsins.

2. gr.

### Um bæjarráð

Bæjarráð fer með fjármála- og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins ásamt bærarstjóra, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur fyrir bærarstjórn, sér um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir ásamt ársreikningum stofnana sveitarfélagsins séu lagðir fyrir bærarstjórn til meðferðar og afgreiðslu, verkefni jafnréttismála samkvæmt lögum um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020, yfirumsjón fjallskilamála í sveitarfélaginu, sbr. lög nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., verkefni hafnarstjórnar og ber stjórnunarlega ábyrgð á höfnum sveitarfélagsins í samræmi við hafnalög nr. 61/2003 og málefni brunavarna, sbr. 10. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Á meðan bærarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bærarstjórn hefur ella. Bærarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um fundi og fundarsköp gilda um meðferð mála bæjarráðs eftir því sem á við. Bæjarráð starfar í samræmi við stefnu, samþykktir og áætlanir bærarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Starfsmenn sveitarfélagsins sitja einstaka dagskrárliði þegar eftir því er leitað samkvæmt eðli máls og skal boðun starfsmanna koma fram í dagskrá fundarboðs.

Bærarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Þóknanir fyrir setu í bæjarráði eru ákvarðaðar í samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, samþykkt sveitarfélagsins um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum og fjárhagsáætlunum hvers árs.

### 3. gr.

Helstu hlutverk bæjarráðs eru:

- að hafa umsjón með stjórnslu sveitarfélagsins,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu þeirra mála sem það fær til meðferðar og ekki falla undir fullnaðarafgreiðsluheimildir ráðsins skv. 6. gr.
- að vinna ásamt bæjarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar og markmiðasetningar bæjarstjórnar í samræmi við þá framtíðarsýn, sem bæjarstjórn hefur á hverjum tíma,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar um störf fagnefnda nái fram að ganga,
- að gera tillögur að úrbótum í starfsemi á vegum bæjarins,
- að undirbúa tillögu um ráðningu æðstu stjórnenda til bæjarstjórnar í samráði við bæjarstjóra,
- að vinna drög að fjárhagsáætlun hvers árs og fjögurra ára áætlun fyrir bæjarsjóð (A-hluti) og fyrirtæki bæjarsjóðs og stofnanir (B-hluti),
- að hafa eftirlit með því að fagnefndir og stjórnir stofnana skili tillögum að fjárhagsáætlunum þeirra stofnana sem undir þær heyra,
- að hafa eftirlit með því að rekstur bæjarsjóðs og fyrirtækja og stofnana hans séu í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á hverjum tíma,
- að gera tillögur að viðaukum við fjárhagsáætlun og leggja þá fyrir bæjarstjórn,
- bæjarráð veitir styrki til eflingar menningar- og ferðamála innan sveitarfélagsins í samræmi við reglur þar að lútandi.

### 4. gr.

Um skipan ráðsins og málsmeðferð

Í bæjarráði eiga sæti þrjú bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 32. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs sem skal vera starfsmaður sveitarfélagsins.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar sinnum í mánuði. Formaður bæjarráðs leggur fram tillögu um fundartíma á fyrsta fundi ráðsins eftir formannskjör. Aukafundi í bæjarráði skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Bæjarstjóri í samráði við formann bæjarráðs sér um boðun funda með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund samkvæmt III. kafla

samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Fundargögn skulu birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins eins fljótt og auðið er, þó eigi síðar en með fundarboði. Geti bæjarfulltrúi ekki sótt fund skal hann tilkynna formanni ráðsins um forföll og boða varamann í sinn stað.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, að fengnu samþykki allra fundarmanna.

Fundir bæjarráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt er að opna fund komi fram skrifleg ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í bæjarráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Til að sækja fjarfund er skilyrði að fulltrúi sé staddur innan sveitarfélagsins eða í erindisgjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins og sé í fullnægjandi aðstöðu til að sækja fundinn.

Málsmeðferð bæjarráðs skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, siðareglur fyrir kjörna fulltrúa sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og góðar stjórnsýsluvenjur.

Um fundarsköp á fundum bæjarráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021 og auglýsingar um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna nr. 1182/2021.

## 5. gr.

### Um valdheimildir

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem samræmast gildandi fjárhagsáætlun og ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um ákvörðunina. Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við. Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði ágreiningur um afgreiðslu mála í bæjarráði fer málið til afgreiðslu í bæjarstjórn og ber að taka það þar til sérstakrar afgreiðslu.

Bæjarráð afgreiðir eftirfarandi án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. viðauka I við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar:

1. Bæjarráð tekur ákvarðanir sem bæjarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. að frátalinni ákvörðun um staðfestingu fjallskilasamþykktar, sbr. 3. gr. laganna.

2. Bæjarráð tekur ákvarðanir sem bæjarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, að frátöldum ákvörðunum samkvæmt 4. gr. um takmörkun búfjárhalds.

## 6. gr.

### Um áheyrnarfulltrúa

Flokkari eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum til setu í bæjarráði, sbr. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga og 31. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Ákvæði um þóknun skv. 25. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar eiga einnig við um áheyrnarfulltrúa.

## 7. gr.

### Þagnarskylda

Fulltrúi í bæjarráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og/eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum bæjarráðs. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans.

## 8. gr.

### Um samstarf við heimastjórnir

Bæjarráð skal eiga í nánú samstarfi við heimastjórnir sveitarfélagsins um verkefni á málavíði heimastjórna í samræmi við ákvæði 36. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og viðauka I við samþykktina. Þá skal bæjarráð hafa samráð við viðeigandi heimastjórn um málefni sem varða starfssvæði heimastjórnar verulega eða sérstaklega.

Hafi bæjarráð til umfjöllunar tillögu um veigamiklar breytingar á grunnþjónustu sem varðar eitthvert heimastjórnarsvæði sveitarfélagsins, skal leita umsagnar viðkomandi heimastjórnar áður en tillögu er vísað til afgreiðslu.

Bæjarráð skal eiga samráð við heimastjórnir um menningarverkefni og hátíðarhöld og rekstrarfyrirkomulag félagsheimila, menningarhúsa og tjaldsvæða í viðkomandi byggðahluta, þar sem það á við.

9. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar nr. 410/2024 og tekur þegar gildi.

Samþykkt á fundi bjarstjórnar Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar dags. 19.06.2024